

Söngskólans. Þá skulu og kosnir endurskoðendur samkv. fyrrgreindri skipulagsskrá skólans.

Aðalfundur skal boðaður bréflega með viku fyrirvara. Aðrir fundir Styrktarfélagins skulu boðaðir með þjá daga fyrirvara bréflega, eða með auglýsingu.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

26. október 1978.

Nr. 395.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Söngskólann í Reykjavík, útgefin á venjulegan hátt að mandatun af dómsmálaráðherra 26. október 1978.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Söngskólann í Reykjavík.

1. gr.

Skólinn var stofnaður af Garðari Cortes, sem rekið hefur skólann á eigin ábyrgð s. l. 5 ár. Styrktarfélag Söngskólans í Reykjavík tekur hér með við rekstri skólans, er starfa mun samkv. sérstakri skipulagsskrá frá og með 1. okt. 1978. Verður gerður sársamningur um þær eignir Söngskólans, sem sjálfseignarstofnunin (sjá 2. gr.) yfirtekur.

2. gr.

Skólinn verður hér með sjálfseignarstofnun og heitir Söngskólinn í Reykjavík, með heimili og varnarþing í Reykjavík.

3. gr.

Skólinn skal fullnægja ákvæðum laga nr. 22/1975 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.

4. gr.

Markmið skólans er að efla almenna tónmennt í landinu, en leggja sérstaklega áherslu á að mennta söngvara, bæði sem flytjendur og kennara. Nám og próf-tilhögun er skilgreind í námsskrá skólans.

5. gr.

Markmiði sínu hyggst skólinn ná með því að starfa samkv. 1. gr. laga nr. 22/1975.

6. gr.

Skólinn starfar frá 1. okt.—30. maí a. m. k. ár hvert. Leyfi yfir starfstíma skólans skulu vera hin sömu og í framhaldsskólum landsins.

7. gr.

Til að hljóta skólavist er nemandi skylt að þreyta inntökupróf og dæmir sérstök prófnefnd um hæfni umsækjanda. Prófnefnd skal skipuð af skólastjóra.

8. gr.

Nemendum skólans er skylt að taka þátt í tónleikum skólans eftir fyrimælum skólastjóra. Að öðru leyti er nemendum óheimilt að koma fram opinberlega án leyfis skólastjóra.

9. gr.

Fjárhagsgrundvöllur skólans er byggður á eftirfarandi:

- a) Rekstrarstyrk Ríkissjóðs samkv. lögum nr. 22/1975.
- b) Rekstrarstyrk Borgarsjóðs Reykjavíkur.
- c) Námsgjöldum nemenda skólans.
- d) Framlagi Styrktarsjóðs Söngskólans í Reykjavík.
- e) Gjöfum og styrkjum, sem skólanum áskotnast.

10. gr.

Stjórn skólans (skólanefnd) skipa:

Þrír menn og þrír til vara, kosnir á aðalfundi Styrktarfélags Söngskólans til 3ja ára í senn. Af þeim ganga úr stjórn ár hvert 1 aðalmaður og 1 varamaður, eftir hlutkesti tvö fyrstu árin, en síðan eftir starfsaldri. Endurkosning er heimil.

Einn fulltrúi frá kennarafélagi skólans.

Einn fulltrúi kosinn af nemendum skólans.

Fulltrúar kennara og nemenda eru kosnir til eins árs í senn og séu þeir báðir í Styrktarfélagi Söngskólans. Samkv. 2. gr. laga nr. 22/1975 tilnefnir Borgarstjórn Reykjavíkur einn fulltrúa í stjórnina. Stjórnin kýs sér sjálf formann af kjörnum fulltrúum og skiptir með sér verkum. Varamaður tekur sæti í stjórninni í forföllum aðalmanns. Falli atkvæði jöfn á stjórnarfundi, ræður atkvæði stjórnarformanns. Á aðalfundi skal kjósa tvo endurskoðendur fyrir reikninga skólans. Boða skal varamenn á alla stjórnarfundi.

11. gr.

Borgarstjórn Reykjavíkur ræður skólastjóra og fasta kennara að fengnum tilögum skólastjórnar (skólanefndar) skv. 2. gr. laga nr. 22/1975. Skólastjóri og þeir kennarar sem þegar hafa verið ráðnir við skólann skulu halda stöðum sínum, en breytingar á ráðningu þeirra og nýjar stöður skulu veittar samkv. ofanefndri grein laga.

Skólastjóri er framkvæmdastjóri skólans og ræður auk stundakennara annað starfsfólk skólans í samráði við stjórnina og sér um reikningshald fyrir skólann. Stjórnin heldur fundi er formaður eða skólastjóri telja þess þörf. Eigi síðar en 15. sept. ár hvert, skal leggja fyrir stjórnarfund skýrslu um starfsemi skólans á liðnu starfsári, svo og endurskoðaða reikninga skólans fyrir sl. reikningsár. Skýrslur þessar og reikninga skal síðan leggja fyrir aðalfund Styrktarfélags Söngskólans í Reykjavík. Þegar ný stjórn hefur verið kosin skal fráfarandi formaður boða hina nýkjörnu stjórn á fund og gangast fyrir kosningu formanns.

12. gr.

Reikningsár skólans er almanaksárið og skulu endurskoðendur hafa lokið endurskoðun fyrir lok aprílmánaðar. Skilafrestur er tilgreindur 1. maí árlega samkv. 4. gr. laga nr. 22/1975. Auk venjulegrar endurskoðunar kjörinna félagsendurskoðenda, getur stjórnin falið löggiltum endurskoðanda að endurskoða reikningana, eftir því sem hún ákveður hverju sinni.

13. gr.

Leit skal staðfestingar forseta Íslands á þessari skipulagsskrá.

14. gr.

Skipulagsskrá þannig samþykkt á stofnfundi Styrktarfélags Söngskólans í Reykjavík hinn 28. sept. 1978.